

## 9. gr.

Talmeinafræðingi ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

## 10. gr.

Talmeinafræðingi er skylt að halda skýrslur um þá, er leita til hans í samræmi við fyrirmæli landlæknis.

## 11. gr.

Verði landlæknir þess var, að talmeinafræðingur vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bága við fyrirmæli laga eða heilbrigðisyfirvalda skal hann áminna viðkomandi. Nú kemur áminning ekki að haldi og ber þá landlækni að leggja málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að viðkomandi skuli sviptur starfsleyfi, en skjóta má þeim úrskurði til dómstóla.

## 12. gr.

Um talmeinafræðinga gilda að öðru leyti og eftir því sem við getur átt, reglur laga um lækningaleyfi, réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa og um skottulækningar.

Reglur laga um þessi efni gilda um refsingu vegna brota talmeinafræðinga og um sviptingu og um endurveitingu starfsleyfa.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

## 13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, öðlast gildi þegar við birtingu.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Heilbrigðisráðherra er heimilt til 31. desember 1988 að víkja frá skilyrðum 2. gr. þegar í hlut eiga umsækjendur sem hafa menntun á þessu sviði, þótt hún jafngildi ekki þeim kröfum sem fram koma í 2. gr., enda séu þeir í starfi sem talmeinafræðingar við gildistöku reglugerðarinnar og hafi starfað sem slíkir samfellt síðustu 3 ár fyrir gildistöku.

Aðeins má þó veita slík leyfi að landlæknir og yfirlæknir Heyrnar- og talmeinafræðingur Íslands mæli með leyfisveitingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. desember 1987.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

**GJALDSKRÁ**

**vegna hundahalds í Garðabæ fyrir árið 1988.**

## 1. gr.

Gjald fyrir leyfi til að halda hund í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sbr. c. lið 3. gr. samþykktar um hundahald í Garðabæ frá 11. mars 1983, skal vera kr. 4 500 fyrir árið 1988.

Gjaldið greiðist fyrirfram um leið og hundahreinsun fer fram. Eindagi leyfisgjaldsins er 1. janúar 1988.

## 2. gr.

Gjald vegna töku á hundum, sbr. 2. gr. samþykktar um hundahald í Garðabæ, skal vera kr. 1 200 í fyrsta skipti, 2 400 í annað skipti og 3 600 í þriðja skipti og oftar.

## 3. gr.

Um vexti á vangreiddu leyfisgjaldi gilda almennar reglur.

## 4. gr.

Ofangreind ákvörðun bæjarstjórnar Garðabæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda á árinu 1988.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. desember 1987.*

F.h.r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Soffía Magnúsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um (7.) breytingu á reglugerð um flokkun eiturefna og hættulegra efna nr. 445/1978.**

## 1. gr.

Við 1. gr., lista II, bætist:

„DÍETÝLETRI, sjá etra

ETRI (ETER; ETÝLETRI), ef látið er úti meira magn en 200 ml, sbr. lista IV A

DÍKLÓRMETAN, ef látið er úti meira magn en 200 ml, sbr. lista IV A

ÍSÓPRÓPÝLETRI.

## 2. gr.

Í 2. gr., lista IV A, skulu gerðar eftirfarandi breytingar:

Í stað „DÍKLÓRMETAN (METÝLENDÍKLÓRÍÐ)“ kemur „DÍKLÓRMETAN (METÝLENDÍKLÓRÍÐ), ef látið er úti 200 ml eða minna magn, sbr. lista II“,

og í stað „ETRI (ETER, ETÝLETRI)“ kemur

„ETRI (ETER, ETÝLETRI), ef látið er úti 200 ml eða minna magn, sbr. lista II“.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968, öðlast gildi við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. desember 1987.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingolf J. Petersen.*